

**BREYTING Á BÓKUN**

**BREYTINGAR Á**

**SAMNINGI**

**UM STOFNUN EVRÓPUMÍÐSTÖÐVAR FYRIR**

**MEÐALLANGAR VEÐURSPÁR**

Ráð Evrópumíðstöðvar fyrir meðallangar veðurspár (ECMWF, miðstöðin) mælir með samþykkt aðildarríkjanna á eftirfarandi breytingum á samningi um stofnun Evrópumíðstöðvar fyrir meðallangar veðurspár, í samræmi 1. tölulið 18. gr.:

Í hollensku, frönsku, þýsku og ítölsku útgáfunum er sleppt að vitna til málgreina/undirliða í samningnum í heild og þess í stað einungis vísað í viðeigandi tölustafi/bókstafi innan hornklofa.

Í hollensku útgáfunni hefur orðinu „Overeenkomst“ verið skipt út fyrir „Conventie“ alls staðar í skjalinu.

Í hollensku útgáfunni hefur orðunum „Lid-Staat“ og „Lid-Staten“ verið skipt út fyrir „Lidstaat“ og „Lidstaten“ alls staðar í skjalinu.

Í hollensku útgáfunni hefur orðinu „artikel“ verið skipt út fyrir „Artikel“ alls staðar í skjalinu.

Í hollensku útgáfunni hefur orðunum „paragraaf“ og „alineaa“ verið skipt út fyrir „lid“ alls staðar í skjalinu og orðunum „paragrafen“ og „alineaa's“ skipt út fyrir „leden“.

Í hollensku útgáfunni hefur orðinu „begrotingsjaar“ verið skipt út fyrir „boekjaar“ alls staðar í skjalinu.

Setningunni „Aðildarríki að samningi þessum“ var bætt fyrir framan tilvísunarkafla

Þau atriði sem listuð eru og tekið er tillit til er skipt út fyrir eftirfarandi:

„MEÐ HLIÐSJÓN AF ÞVÍ að veðurtengdar ógnir gagnvart lífi, heilsu, efnahag og eignum skipta meira máli en áður;

Í ÞEIRRI FULLVISSU að úrbætur á meðallöngum veðurspám auki vernd og öryggi íbúanna;

Í ÞEIRRI FULLVISSU EINNIG að vísinda- og tæknirannsóknir sem framkvæmdar eru í þessum tilgangi veiti mikilvæga hvatningu fyrir þróun veðurfræði í Evrópu;

MEÐ HLIÐSJÓN AF ÞVÍ að þessum tilgangi og markmiðum verður einungis þjónað með meiri tilföngum en almennt getur talist vera raunhæft á landsvísu;

MEÐ TILLITI TIL mikilvægis verulegra úrbóta á sviði meðallangra veðurspáa fyrir efnahag Evrópu;

ÁRÉTTA að stofnun sjálfstæðrar alþjóðlegrar Evrópumíðstöðvar er viðeigandi leið til að þjóna ofangreindum tilgangi og markmiðum;

Í ÞEIRRI FULLVISSU að slík miðstöð geti orðið mikilvægt framlag til þróunar umhverfiseftirlits á vísindalegum grundvelli;

MEÐ TILLITI TIL ÞESS að slík miðstöð getur einnig orðið til aðstoðar við þjálfun vísindamanna að loknu háskólanámi;

VERANDI ÞESS FULLVISS að starfsemi slíkrar miðstöðvar muni ennfremur veita ákveðnum áætlunum á vegum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) og annarra viðeigandi stofnana ákveðin framlög;

MEÐ HLIÐSJÓN AF ÞVÍ hvaða þýðingu stofnun slíkrar miðstöðvar getur haft fyrir þróun gagnavinnsliðnaðar í Evrópu;

MEÐ HLIÐSJÓN AF viljanum til að veita öðrum ríkjum aðild að miðstöðinni;“.

Málgreinin: „HAFÁ ÁKVEÐIÐ að stofna . . . [ásamt lista yfir fulltrúa með fullt umboð] . . . talinn vera í góðu og réttu formi” er fjarlægð.

Í hollensku útgáfunni hefur setningunni „Overeenkomst hebben Bereikt Omtrent de Volgende Bepalingen:“ verið skipt út fyrir „komen het volgende overeen:“

## **1. gr.**

1. gr. fær fyrirsögnina: „Stofnun, ráð, aðildarríki, höfuðstöðvar, tungumál“.

2. tölul. 1. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“: Í ítölsku útgáfunni er orðinu „Comitato consultivo scientifico“ skipt út fyrir „Comitato Scientifico Consultivo“ og orðinu „Comitato finanziario“ skipt út fyrir „Comitato Finanze“. Í hollensku útgáfunni er orðinu „een Wetenschappelijk Raadgevend Comité“ skipt út fyrir „een Wetenschappelijke Adviescommissie“ og orðinu „Financieel Comité“ fyrir „Financiële Commissie“.

Við 5. tölulið 1. gr. er bætt við setningunni „... nema annað sé ákveðið af ráðinu samkvæmt staflið g í 1. tölul. 6. gr.“

6. tölulið 1. gr. er breytt og verður svohljóðandi:

“6. Opínber tungumál miðstöðvarinnar skulu vera opínber tungumál aðildarríkjanna.

Enska, franska og þýska skulu vera vinnutungumál hennar.

Ráðið skal ákvarða að hversu miklu leyti opínber tungumál og vinnutungumál skulu vera notuð, hvert fyrir sig, í samræmi við staflið l í 2. tölulið 6. gr.“

## **2. gr.**

2. gr. fær fyrirsögnina: „Tilgangur, markmið og starfsemi“.

Nýjum 1. tölulið 2. gr. er bætt við:

“1. Megintilgangur miðstöðvarinnar er þróun getu til að gera meðallangar veðurspár og útvegum meðallangra veðurspáa fyrir aðildarríkin“.

Endurtölusetur 2. töluliður 2. gr. hefst á setningunni „Markmið miðstöðvarinnar skulu vera þessi“.

1. tölulið 2. gr., staflið a er skipt út fyrir 2. tölul. 2. gr., stafl. a:

„a) að þróa og starfrækja á reglubundinn hátt hnattræn líkön og gagnaadlögunarkerfi er varða hreyfifræði, varmafræði og samsetningu vökvahjúps jarðar og gagnverkandi hluta jarðkerfisins, í því augnamiði að:

- i) gera spár með reiknifræðilegum aðferðum;
- ii) tilgreina upphafleg skilyrði fyrir spánnar, og
- iii) stuðla að eftirliti með viðkomandi hlutum jarðkerfisins“;

Staflið b í 1. tölul. 2. gr. er eytt.

Stafliður c í 1. tölul. 2. gr. er endurtölusetur sem stafliður b í 2. tölul. 2. gr.

Staflið d í 1. tölul. 2. gr. er skipt út fyrir staflið c í 2. tölul. 2. gr.:

„c) að afla og geyma viðeigandi gögn“;

Staflið e í 1. tölulið 2. gr. er skipt út fyrir staflið d í 2. tölulið 2. gr.:

„d) að gera aðildarríkjunum tiltækilegar, á viðeigandi hátt, þær niðurstöður sem fást í stafl. a og b og gagna sem vísað er til í stafl. c“;

Staflið f í 1. tölulið 2. gr. er skipt út fyrir staflið e í 2. tölulið 2. gr.:

„e) veita aðildarríkjunum aðgang að nægilegum hluta af tölvugetu sinni vegna eigin rannsókna, með forgang fyrir svið tölulegra veðurspáa en sá hluti myndi vera ákvarðaður af ráðinu“;

Stafliður g í 1. tölulið 2. gr. er endurtölusettur sem stafliður f í 2. tölulið 2. gr.. Í ensku útgáfunni er orðinu „Organisation“ skipt út fyrir orðið „Organization“. Í hollensku útgáfunni er orðinu „Meteorologische Wereldorganisatie“ skipt út fyrir „Wereld Meteorologische Organisatie“.

Stafliður h í 1. tölulið 2. gr. er skipt út fyrir staflið g í 2. tölulið 2. gr.:

„g) að aðstoða við framhaldsþjálfun sérfræðinga aðildarríkjanna á sviði tölulegra veðurspáa“.

2. tölulið 2. gr. er skipt út fyrir 3. tölulið 2. gr.:

„3. Miðstöðin skal setja á fót og starfrækja þau mannvirki sem þarf til að þjóna þeim tilgangi sem skilgreindur er í 1. mgr. og þeim markmiðum sem skilgreind eru í 2. mgr.“.

3. töluliður 2. gr. er endurtölusettur sem 4. töluliður 2. gr..

Tölulið 5 er bætt við 2. gr.:

„5. Miðstöðinni er heimilt að inna af hendi störf að beiðni þriðju aðila, sem samræmast tilgangi og markmiðum miðstöðvarinnar og eru samþykkt af ráðinu í samræmi við staflið g í 2. tölul. 6. gr. Kostnaðurinn af slíkri starfsemi skal greiddast af viðkomandi þriðja aðila.“.

Nýjum tölulið 6 er bætt við 2. gr.:

„6. Miðstöðinni er heimilt að framkvæma valkvæð verkefni í samræmi við 3. tölul. 11. gr.“.

### **3. gr.**

3. gr. fær fyrirsögnina: „Samstarf við aðra aðila“.

1. tölul. 3. gr.: Í hollensku útgáfunni er orðinu „doeleinden“ skipt út fyrir orðið „doelstellingen“.

2. tölul. 3. gr.: Inngangssetningin breytist og verður svohljóðandi „Miðstöðin er heimilt að gera samstarfssaminga í því skyni“.

2. tölul. 3. gr., stafl. a: Tilvísunin í 1. tölul. 6. gr., stafl. e er breytt í „1. tölul. 6. gr., stafl. e eða 3. tölul. 6. gr., stafl. j.“.

2. tölul. 3. gr., stafl. b: Tilvísunin í 1. tölul. 6. gr., stafl. k, er breytt í 3. tölul. 6. gr., stafl. j. Í hollensku útgáfunni er orðinu „organisaties“ skipt út fyrir orðið „instanties“.

Staflið c er bætt við 2. tölulið 3. greinar:

„c) við innlendar vísinda- og tæknistofnanir í ríkjum öðrum en aðildarríkjum í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í staflið e í 1. tölulið 6. gr.“.

#### **4. gr.**

4. grein fær fyrirsögnina: „Ráðið“.

2. tölul. 4. gr.: Í ensku útgáfunni er orðinu „Organisation“ skipt út fyrir orðið „Organization“. Í hollensku útgáfunni er orðinu „nationale weerkundige dienst“ skipt út fyrir „nationale meteorologische dienst“ og orðinu „Meteorologische Wereldorganisatie“ skipt út fyrir „Wereld Meteorologische Organisatie“.

5. tölul. 4. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“:

6. tölul. 4 gr.: Í hollensku útgáfunni er orðinu „comités van raadgevende aard“ skipt út fyrir „adviescommissies“.

#### **5. gr.**

5. grein fær fyrirsögnina: „Atkvæðagreiðslur ráðsins“.

2. tölul. 5. gr.: Tilvísun í 3. tölul. 6. gr., stafl. m er breytt í 3. tölul. 6. gr., stafl. l.

#### **6. gr.**

6. grein fær fyrirsögnina „Meirihluti í atkvæðagreiðslu“.

1. tölul. 6. gr., stafl. b: Setningunni „innganga nýrra meðlima“ er skipt út fyrir „aðild ríkja“ og orðinu „innganga“ er skipt út fyrir orðið „aðild“.

Stafliður e í 1. tölulið 6. gr. breytist og verður svohljóðandi:

„e) heimila forstjóranum að ganga til samninga um samstarf við ríki sem ekki eru aðilar og við vísinda- og tæknistofnanir þeirra á landsvísu; ráðinu er heimilt að veita forstjóranum leyfi til að fullgera slíka samninga“;

Nýjum staflið g er bætt við 1. tölulið 6. gr.:

„g) ákvarða um hugsanlegan flutning á höfuðstöðvum ECMWF, í samræmi við 5. tölul. 1. gr.“.

2. tölul. 6. gr., stafl. b: Orðinu „samþykkja“ er skipt út fyrir „styðja“. Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“:

Nýjum staflið c er bætt við 2. tölul. 6. gr.:

„c) samþykkja starfsáætlunina fyrir miðstöðina, í samræmi við 1. tölulið 11. gr., með fyrirvara um staflið a í 1. mgr.“

Undirliðir sem eftir standa eru endurtölusetttir.

Í endurtölusetttum staflið d í 2. tölulið 6. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“:

Settar eru inn nýir stafliðir e, f, g og h í 2. tölul. 6. gr.:

- „e) samþykkja ferlið fyrir valkvæðar áætlanir í samræmi við 3. tölul. 11. gr.;
- f) samþykkja einstakar valkvæðar áætlanir í samræmi við 3. tölul. 11. gr.;
- g) samþykkja starfsemi að beiðni þriðja aðila í samræmi við 5. tölul. 2. gr.;
- h) ákvarða dreifingarstefnu fyrir vörur og annan árangur af starfsemi hennar“,

og undirliðir sem eftir standa eru endurtölusettir.

Nýjum staflið l bætt við 2. tölul. 6. gr.:

- „l) ákvarða í samræmi við 6. tölulið 1. gr. að hvaða marki skal nota opinber tungumál og vinnutungumál í einstökum tilvikum“.

3. tölul. 6. gr., stafl. d: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“:

3. tölul. 6. gr., stafl. e: Í hollensku útgáfunni er orðinu „financiële commissarisen“ skipt út fyrir „accountants“.

3. tölul. 6. gr., stafl. f: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“:

3. tölul. 6. gr., stafl. g: Í ítölsku útgáfunni er orðtakinu „Comitato consultivo scientifico“ skipt út fyrir „Comitato Scientifico Consultivo“. Í hollensku útgáfunni er orðalaginu „het Wetenschappelijk Raadgevend Comité“ skipt út fyrir „de Wetenschappelijke Adviescommissie“.

Upprunalegum staflið i í 3. tölulið 6. gr. er eytt og undirliðir sem eftir standa eru endurtölusettir.

Í endurtölusetttum staflið i í 3. tölul. 6. gr.: Orðinu „framkvæmdastjóri“ skipt út fyrir „forstjóri“. Í hollensku útgáfunni er orðtakinu „verslag van de financiële commissarissen“ skipt út fyrir „accountantsrapport“.

Endurtölusettur stafliður j í 3. tölul. 6. gr skal vera svohljóðandi:

- „j) skal heimila forstjóranum að semja um samstarf við aðildarríki, við innlendar vísinda- og tæknistofnanir þeirra og við opinberar og óopinberar alþjóðlegar vísinda- og tæknistofnanir hverra starfsemi tengist markmiðum miðstöðvarinnar, og getur heimilað forstjóra að gera slíka samninga;“.

Í endurtölusetttum staflið k í 3. tölul. 6. gr.: 1. og 2. tölul. í 15. gr. breytt í 2. og 3. tölul.

Nýjum staflið o bætt við 3. tölul. 6. gr.:

- „o) skal samþykkja langtímastefnumótun miðstöðvarinnar í samræmi við 2. tölul. 11. gr.“.

## **7. gr.**

7. gr. fær fyrirsögnina: „Vísindalega ráðgjafanefndin“.

1. tölul. 7. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“: Í ensku útgáfunni er orðinu „Organisation“ skipt út fyrir orðið „Organization“. Í ítölsku útgáfunni er orðalaginu „Comitato consultivo scientifico“ skipt út fyrir „Comitato Scientifico Consultivo“. Í hollensku útgáfunni er orðalaginu „het Wetenschappelijk Raadgevend Comité“ skipt út fyrir „de Wetenschappelijke Adviescommissie“, „het Comité“ fyrir „de Commissie“ og orðalaginu „Meteorologische Wereldorganisatie“ fyrir „Wereld Meteorologische Organisatie“.

2. tölul. 7. gr.: Orðinu „framkvæmdastjóri“ er skipt út fyrir „forstjóri“ á tveimur stöðum.

## **8. gr.**

8. gr. fær fyrirsögnina: „Fjárhagsnefndin“.

1. tölul. 8. gr.: Í ítölsku útgáfunni er orðalaginu „Comitato finanziario“ skipt út fyrir „Comitato Finanze“. Í hollensku útgáfunni er orðalaginu „het Financiële Comité“ skipt út fyrir „de Financiële Commissie“ og „het Comité“ fyrir „de Commissie“.

Stafliður b í 1. tölul. 8. gr. breytist og verður svohljóðandi:

- „b) fulltrúum hinna aðildarríkjanna, sem þau skipa til eins árs í senn; ekkert þessara ríkja getur átt fulltrúa í nefndinni oftar en tvisvar í röð. Fjöldi þessara fulltrúa skal vera fimmtungur af fjölda viðkomandi aðildarríkja“.

## **9. gr.**

9. gr. fær fyrirsögnina: „Forstjóri“.

1. tölul. 9. gr.: Orðinu „framkvæmdastjóri“ er skipt út fyrir „forstjóri“ á tveimur stöðum.
2. tölul. 9. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“:

Við staflið c í 2. tölul. 9. gr. er bætt svohljóðandi setningu „... og langtímastefnumótun ...“. Í ítölsku útgáfunni er orðalaginu „Comitato consultivo scientifico“ skipt út fyrir „Comitato Scientifico Consultivo“. Í hollensku útgáfunni er orðalaginu „het Wetenschappelijk Raadgevend Comité“ skipt út fyrir „de Wetenschappelijke Adviescommissie“.

2. tölul. 9. gr., stafl. g.: Tilvísun í stafl. k í 3. tölul. 6. gr. er breytt í stafl. j í 3. tölul. 6. gr.. Í hollensku útgáfunni er orðinu „doeleinden“ skipt út fyrir orðið „doelstelling“.
3. tölul. 9. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“:

## **10. gr.**

10. gr. fær fyrirsögnina: „Starfsfólkið“.

3. tölul. 10. gr.: Í hollensku útgáfunni er orðinu „organisaties“ skipt út fyrir orðið „instanties“.
4. tölul. 10. gr.: Í ensku útgáfunni er orðinu „Comptroller“ skipt út fyrir orðið „Controller“. Í hollensku útgáfunni er orðinu „financiële controleur“ skipt út fyrir „Controller“.
6. tölul. 10. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“.
7. tölul. 10. gr.: Orðinu „framkvæmdastjóri“ er skipt út fyrir „forstjóri“ á tveimur stöðum.

## **11. gr.**

11. gr. fær fyrirsögnina: „Starfsáætlunin, langtímastefnumótun og valkvæð verkefni“.

Núverandi málsgreinar eru sameinaðar í 1. tölulið í 11. gr.

1. tölul. 11. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“. Tilvísun í 3. tölul. 6. gr., stafl. i, er breytt í 2. tölul. 6. gr., stafl. c á tveimur stöðum.



Settar eru inn nýir töluliðir 2 og 3 í 11. gr.:

„2. Gera skal langtíma stefnumótun fyrir miðstöðina fyrir þau tímabil sem ráðið segir til um hverju sinni. Ráðið skal ræða undirbúning slíkrar stefnumótunar í það minnsta á fimm ára fresti . Langtímastefnumótunin skal fela í sér mat á langtímamarkmiðum miðstöðvarinnar og greina frá þeirri stefnu sem fylgja skal við þróun starfsemi hennar á meðan stefnumótuninni er fylgt.

Ráðið skal samþykkja stefnumótunina að tillögu forstjóra í samræmi við staflið o í 6. tölul. 3. gr.

3. Valkvæð áætlun er áætlun sem aðildarríki eða hópur aðildarríkja gerir tillögu um og sem öll aðildarríkin taka þátt í að undanskildum þeim sem lýsa formlega yfir að þau séu ekki þátttakendur, og sem stuðlar að tilgangi og markmiðum miðstöðvarinnar í samræmi við 1. og 2. tölul. 2. gr.

a) Ráðið skal samþykkja útfærslu valkvæðra áætlana í samræmi við stafl. e í 2. tölul. 6. gr.

b) Ráðið skal samþykkja einstakar valkvæðar áætlanir samþykkja í samræmi við stafl. f í 2. tölul. 6. gr.“.

## **12. gr.**

12. gr. fær fyrirsögnina: „Fjárhagsáætlunin“.

3. tölul. 12. gr.: Orðinu „samþykkja“ er breytt í „styðja“.

4. tölul. 12. gr., stafl. b: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“.

5. tölul. 12. gr.: Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“.

## **13. gr.:**

13. gr. fær fyrirsögnina: „Framlög aðildarríkja“.

1. tölul. 13. gr.: Orðalaginu „verg þjóðarframleiðsla“ er skipt út fyrir „vergar þjóðartekjur“.

2. tölul. 13. gr.: Orðalaginu „verg þjóðarframleiðsla“ er skipt út fyrir „vergar þjóðartekjur“.

## **14. gr.**

14. gr. fær fyrirsögnina: „Endurskoðun“.

Í hollensku útgáfunni er orðalaginu „financiële commissarissen“ skipt út fyrir „accountants“ á fjórum stöðum.

2. tölul. 14. gr.: Í ítölsku útgáfunni er orðalaginu „Comitato finanziario“ skipt út fyrir „Comitato Finanze“. Í hollensku útgáfunni er orðalaginu „het Financieel Comité“ skipt út fyrir „de Financiële Commissie“.

3. tölul. 14. gr.: Í stað „framkvæmdastjóri“ kemur „forstjóri“.

## **15. gr.**

15. gr. fær fyrirsögnina: „Eignarréttur og leyfi“.

Nýjum tölulið, 1. tölulið, er bætt við 15. gr.:

“1. ECMWF skal hafa séreignarrétt á heimsvísu á öllum afurðum sínum og öðrum árangri af starfsemi sinni.“,

og undirliðirnir þrír sem eftir standa eru endurtölusettir.

Endurtölusettur 3. tölul. 15. gr.: Tilvísun í 1. Mgr. er breytt í 2. mgr.

Endurtölusettur 4. tölul. 15. gr.: Tilvísun í 1. mgr. er breytt í 2. mgr. og tilvísun í staflíð l í 3. tölul. 6. gr. breytt í stafl. k í 3. tölul. 6. gr.

### **16. gr.**

16. gr. fær fyrirsögnina: „Sérréttindi, friðhelgi og skuldbindingar“.

### **17. gr.**

17. gr. fær fyrirsögnina: „Ágreiningur“.

### **18. gr.**

18. gr. fær fyrirsögnina: „Breytingar á samningnum“.

Í 1. tölul. 18. gr.: Er orðinu „framkvæmdastjóri“ skipt út fyrir „forstjóri“ á tveimur stöðum og tilvísun í stafl. n í 3. tölul. 6. gr. er breytt í stafl. M í 3. tölul. 6. gr.

Í 2. tölulið 18. gr.: Er orðinu „Evrópubandalagslöndin“ breytt í „Evrópusambandið“.

### **19. gr.**

19. gr. fær fyrirsögnina: „Uppsögn samningsins“.

1. tölul. 19. gr.: Orðinu „Evrópubandalagslöndin“ er breytt í „Evrópusambandið“.

2. tölul. 19. gr.: Orðalaginu „fyrir gildistöku“ er bætt við á tveimur stöðum á undan orðinu „upsagnar“.

3. tölul. 19. gr.: Tilvísun í 2. tölul. 6. gr., stafl. d er breytt í 2. tölul. 6. gr., stafl. i.

### **20. gr.**

20. gr. fær fyrirsögnina: „Vanefndir á skuldbindingum“.

### **21. gr.**

21. gr. fær fyrirsögnina: „Slit miðstöðvarinnar“.

Í 1. tölulið 21. gr.: Verður tilvísun í staflíð e í 2. tölulið 6. gr. breytt í staflíð j í 2. tölulið 6. gr.

Í 3. tölulið 21. gr.: Verður tilvísun í staflíð e í 2. tölulið 6. gr. breytt í staflíð j í 2. tölulið 6. gr.

### **22. gr.**

22. gr. fær fyrirsögnina: „Gildistaka“.

### **23. gr.**

23. gr. fær fyrirsögnina: „Aðild ríkja“.

Málgreinar eru númeraðar.

1. og 2. töluliður 23. gr. breytast og verða svohljóðandi:

- „1. Eftir gildistöku þessa samnings, getur ríki sem er ekki undirritunarríki gerst aðili að samningi þessum, að fengnu samþykki ráðsins í samræmi við stafl. b í 1. tölul. 6. gr.. Ríki sem vill gerast aðili að samningi þessum skal tilkynna það forstjóranum og hinn síðarnefndi skal tilkynna aðildarríkjum um beiðnina a.m.k. þremur mánuð um áður en hún er lögð fyrir ráðið til ákvörðunar. Ráðið skal ákveða skilmála og skilyrði fyrir aðild viðkomandi ríkis í samræmi við stafl. b í 1. tölul. 6. gr.
2. Aðildarskjöl skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju nýju aðildarríki fyrsta dag annars mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu“.

### **24. gr.**

24. gr. fær fyrirsögnina: „Tilkynning um undirritanir og tengd málefni“.

Tilvísun í „Evrópubandalagslöndin“ er breytt í „Evrópusambandið“.

Staflíður e í 24. gr. breytist og verður svohljóðandi:

„e) samþykkt og gildistöku allra breytinga;“.

Síðasta málsgrein 24. gr. breytist og verður svohljóðandi:

„Við gildistöku samnings þessa og breytingar á honum, skal aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skrá samninginn hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna“.

### **25. gr.**

25. gr. fær fyrirsögnina: „Fyrsta fjárhagsárið“.

Tölul. 3. í 25. gr.: Í ítölsku útgáfunni er orðalaginu „Comitato consultivo scientifico“ skipt út fyrir „Comitato Scientifico Consultivo“. Í hollensku útgáfunni er orðalaginu „Wetenschappelijk Raadgevend Comité“ skipt út fyrir „de Wetenschappelijke Adviescommissie“.

### **26. gr.**

26. gr. fær fyrirsögnina: „Varsla samningsins“.

26. gr. breytist og verður svohljóðandi:

„Gera skal eitt frumrit af samningi þessum og öllum breytingum á honum á hollensku, ensku, frönsku, þýsku, ítölsku, dönsku, finnsku, írsku, grísku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og tyrknesku, þar sem allir textar eru jafngildir, og færa til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins, sem skal senda staðfest afrit til ríkisstjórna allra undirritunarríkja og nýrra aðildarríkja.“.

## **BÓKUN**

### **UM SÉRRÉTTINDI OG FRÍÐHELGI EVRÓPUMÍÐSTÖÐVAR FYRIR MEÐALLANGAR VEÐURSPÁR**

Bókuninni er breytt með því að skipta út orðinu „framkvæmdastjóri“ fyrir „forstjóri“ alls staðar í bókuninni.